

**Fundargerð 46. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu þriðjudaginn 11. febrúar 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason

Frá FMS: Björn Jóhannsson

Eftirfarandi mál voru rædd:

**1. Önnur yfirferð umsókna**

Farið var yfir þau verkefni sem umhverfisstjóri hafði metið að uppfylli ekki skilyrði. Björn var beðinn um að bæta við í umsagnir ef umsækjandi/verkefnið hafi fengið styrk áður og stöðu þess miðað við innsendar skýrslur.

Albína bað um að verkefni á verndarlistum fengju 10 stig í þann lið sem snýr að forgangi (Björn).

Tillaga kom um aða taka fyrir á næsta fundi þau 15 verkefni sem umhverfisstjóri hefur gefið flest stig.

**2. Hildur Sif Arnardóttir frá Nýsköpunarmiðstöð með kennslu á umsóknarkerfið**

Hildur frá Nýsköpunarmiðstöð kom og veitti leiðbeiningar og kennslu á kerfið sem notað er til að taka á móti umsóknum.

**3. Önnur mál**

Fundargerðir áritaðar: Fundargerðir 40-45 áritaðar

Björn mun biðja Sólrúnu Önnu um að taka saman hversu miklu gistináttagjaldið hefur skilað inn í sjóðinn.

Fundi slitið kl. 10.15

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson

*Albína Thordarson*  
*Anna G. Sverrisdóttir*  
*Guðjón Bragason*  
*Sævar Skaptason*